



Sauðárkróki, 11. nóvember 2019

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir að Byggingarástofnun veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, nr. 80/2007, mál. 60.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ferjuleiðir milli eyja við Ísland og meginlandsins verði skilgreindar sem þjóðferjuleiðir og verði hluti af grunnkerfi samgangna í samgönguáætlun hverju sinni. Þá verði í samgönguáætlun ákveðin fjárveiting vegna kostnaðar við ferjur sem þjónusta þjóðferjuleiðir við flutning á fólki og bifreiðum og heimild til að greiða hluta kostnaðar við ferjur sem eru mikilvægar fyrir ferðapjónustu.

Í framkvæmd myndi þessi þessi aðgerð ná til fjögurra eyja við landið, þ.e..Heimaeyjar, Flateyjar á Breiðafirði, Grímseyjar út af Eyjafirði og Hríseyjar á Eyjafirði. Tenging eyjanna við samgöngukerfið er með öðrum hætti en annarra byggða landsins, sem gefur að skilja og því hefur fylgt umtalsverður kostnaður og óhagræði fyrir íbúa og gesti. Sérstaða Vestmannaeyja í þessu samhengi er mikil vegna stærðar, íbúafjölda og að þar er ein öflugasta sjávarbyggð landsins auk mjög vaxandi ferðapjónustu og annarrar atvinnustarfsemi.

Byggingarástofnun styður að þjóðferjuleiðir verði skilgreindar sem sérstakur þjónustuflokkur í vegalögum og hugað verði að lausnum til að leysa samgönguvanda eyjabúa með þeim hætti.

Fyrir hönd Byggingarástofnunar

---

Guðmundur Guðmundsson

*Sérfræðingur á þróunarsviði Byggingarástofnunar*